



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 13/2010

um afnot af tíðninni 100,5 MHz til FM útvarpssendinga

I.

Erindið

Með bréfi, dags. 19. apríl 2010, óskaði Lýðræðishreyfingin eftir því að Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) tryggði án tafar að tíðnin 100,5 MHz yrði eingöngu til afnota fyrir Lýðvarpið. Samhliða því yrði núverandi notanda, Concert- KEF (Kaninn), tíðninnar tilkynnt að úthlutun til hans á tíðninni væri afturkölluð.

II.

Forsaga og bréfaskriftir

1.

Úthlutun til Lýðræðishreyfingarinnar

Forsögu málsins má rekja til þess að þann 8. desember 2008, barst Póst- og fjarskiptastofnun umsókn frá Lýðræðishreyfingunni um tíðnisvið vegna útvarpssendinga. Í umsókn hreyfingarinnar kom m.a. fram að ráðgert væri að senda út á Suðurlandi og kaupa til þess 1000w sendi sem drægi ca 100 km rásdú. Jafnframt var óskað eftir samráði eða leiðbeiningum frá Póst- og fjarskiptastofnun við val á búnaði. Þá var einnig upplýst að verið væri að skoða þann möguleika að senda út á öðrum helstu stöðum landsins og að þau mál væru í athugun, hvað varðaði tæknibúnað eða aðgang að dreifikerfi. Með umsókninni fylgdi afrit af umsókn til útvarpsréttarnefndar sem var dagsett þann 8. desember 2008.

Útvarpsréttarnefnd veitti Lýðræðishreyfingunni „Leyfi til útvarps“ með leyfisbréfi, dags. 16. janúar 2009, með gildistíma til 15. janúar 2010. Í framhaldi af útgáfu leyfisins heimilaði Póst- og fjarskiptastofnun Lýðræðishreyfingunni notkun tíðninnar 100,5 MHz fyrir hljóðvarpssendi staðsettum í Bláfjöllum (Kóngsgil), fyrir dagskrá sína „Lýðvarpið“.

Hámarks sendiafl var í leyfinu skilgreint sem 2 kW og útgeislað afl 5 kW, að öðru leyti var heimildin bundin eftirfarandi skilyrðum:

„a) Sá fyrirvari er gerður á heimild þessari að verði önnur fjarskiptastarfsemi fyrir truflunum af hennar völdum þarf hugsanlega að endurskoða eða afturkalla heimild þessa.

b) Heimild þessi er ekki framseljanleg og skuldbindur leyfishafi sig til að framselja hana ekki, hvorki með sölu, leigu eða láni eða með neinum öðrum hætti þannig að annar aðili, einstaklingur eða lögaðili fái afnot af þeim réttindum, sem í henni felast.

c) Heimildi þessi er með fyrirvara um útvarpsleyfi frá Útvarpsráttarnefnd og mun gildistími heimildarinnar miðast við gildistíma útvarpsleyfis sbr. þó lið d) hér að neðan og g. lið 10. gr. fjarskipalaga nr. 81/2003 sem felur í sér að heimild til notkunar tíðni megi afturkalla ef mikilvægar forsendur fyrir heimildinni breytast eða bresta, t.d. vegna alþjóðlegra samþykka sem Ísland er aðili að.

d) Notkunin skal vera í fullu samræmi við leyfisbréf þetta og útvarpsleyfi varðandi útsenda dagskrá og staðsetningu sendis og sent skal út með þeim sendistyrk sem tilgreindur er í leyfisbréfinu. Sent skal út að staðaldri. Falli útsendingar niður skulu þær hafnar að nýju innan 3 mánaða. Útsendingar mega ekki liggja niðri lengur en 3 mánuði á hverju 12 mánaða tímabili. Ef skilyrðum þessarar málsgreinar er ekki fulllægt eða falli útvarpsleyfi úr gildi fellur tíðniheimild þessi úr gildi. Núgildandi útvarpsleyfi rennur út 15.01.2010 og tíðniheimild þessi samhlíða því sbr. c).“

2.

Tölvupóstur Lýðræðishreyfingarinnar, dags. 9. apríl 2010

Þann 9. apríl s.l. barst Póst- og fjarskiptastofnun tölvupóstur frá Lýðræðishreyfingunni þar sem tilkynnt er að hreyfingin hafi komist að því að búið væri að setja upp útvarpssemi í aðstöðu hennar í Bláfjöllum og tengja hann við mastur á staðnum. Úr sendinum væri sent út efni fyrir útvarpsstöðina Kanann, „á okkar tíðni, FM 100,5“ Sendirinn hafði verið tekinn niður og afhentur lögreglu.

Við afhendingu sendisins á lögreglustöðinni í Kópavogi hafi komið fram að útvarpsstöðin Kanann hefði leyfi frá PFS til að nota tíðnina 100,5 MHz í Bláfjöllum. Það hefði komið á óvart þar sem Lýðræðishreyfingin hefði útvarpsleyfi frá Útvarpsráttarnefnd til 15. janúar 2012 og hafi fengið tíðnina 100,5 MHz hjá PFS vegna þessa útvarpsleyfis.

Í tölvupóstinum er einnig farið yfir samskipti PFS og Lýðræðishreyfingarinnar varðandi kröfu PFS um að hreyfingin færði útsendingarbúnaðinn þar sem staðsetning hans hafi ekki verið viðunandi með tilliti til annarrar starfsemi sem fram færi á svæðinu og farið hafi verið með starfsmanni PFS til að kanna möguleika á nýrri staðsetningu. Í framhaldi af því hafi hreyfingin haft samband við Flugmálastjórn varðandi mögulega staðsetningu en engin niðurstaða hafi fengist. Eftir að vetur gekk í garð hafi Lýðræðishreyfingin talið að það væri óframkvæmanlegt að færa búnaðinn, sökum aðstæðna og mikils kostnaðar. Lýðvarpið hafi því ákveðið að bíða með aðgerðir.

Síðan segir:

„Mér finnst það undarlegt að ekki sé hægt að klára þetta mál með okkur svo við getum haldið úti rekstri á okkar stöð, en á sama tíma og við bíðum niðurstöðu um staðsetningu á okkar búnaði þá heimilið þið öðrum aðila að hefja útsendingu á okkar tíðni og á nákvæmlega sama stað og þið hafið fyrirskipað okkur að fara af...“

„...Við höfum farið að fyrirmælum ykkar og reynt að finna nýjan stað fyrir útsendingarmastur og annan búnað, ásamt því að hafa útsendingu í skötulíki á meðan niðurstöðu er beðið. En í ljósi þess að þið hafið leyft annarri útvarpstöð að gera nákvæmlega það sama og þið vilduð að við gerðum ekki, að senda út á þessum stað í Bláfjöllum, þá vildi ég spyrja hvort fyrirmæli ykkar frá síðasta ári um að við færum okkur, séu fallin úr gildi? Getum við sem sagt haldið áfram að senda út frá þessum stað ef við kjósum það?“

Að lokum kom fram að ef ofangreind fyrirmæli um að færa þyrfti búnaðinn stæðu ennþá yrði að fá botn í nýja staðsetningu þar sem það stýttist í að hægt yrði að standa í framkvæmdum í fjallinu.

3.

Svar Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 13. apríl 2010

Póst- og fjarskiptastofnun svaraði Lýðræðishreyfingunni með tölvupósti, dags. 13. apríl s.l. þar benti stofnunin m.a. á að eftir að útsending Lýðvarpsins á tíðninni 100,5 MHz hófst hafi farið að bera á kvörtunum um að útsendingar Lýðvarpsins trufluðu móttöku annarra útvarpsstöðva á svæðinu. Þá tiltók stofnunin einnig að eftir mælingar sem Geislavarnir ríkisins og Póst- og fjarskiptastofnun hafi gert hafi komið í ljós að ákveðin hætta væri á heilsutjóni fyrir starfsmenn á svæðinu og hafi sendiaflið verið minnkað í framhaldinu í 1 kW.

Í tölvupóstinum var einnig gerð grein fyrir þeim samskiptum sem stofnunin átti við Lýðræðishreyfinguna sumarið 2009 um færslu búnaðarins og mögulega staðsetningu hjá Flugmálastjórn eða hjá Mílu og að það hafi verið skilningur starfsmanns PFS að Lýðræðishreyfingin myndi skoða þessar aðstæður í framhaldinu. Málið hafi því verið í höndum Lýðvarpsins og því ekki þörf á frekari afskiptum PFS

Þá vék stofnunin að því að mælingar hennar þann 2. febrúar 2010 hafi sýnt að engin útsending og enginn styrkur hafi verið á 100,5 MHz. Í framhaldinu hafi verið haft samband við umsjónarmann skíðasvæðisins vegna upplýsinga sem höfðu borist um að neistaflug hefði verið í kringum brotin loftnet á mastri Lýðvarpsins í Bláfjöllum. Ástæða þess að ekki hafi verið haft samband við Lýðræðishreyfinguna hafi verið sú að heimild hreyfingarinnar fyrir notkun á tíðninni 100,5 MHz fyrir hljóðvarpssendi hafi runnið út þann **15. janúar 2010**, sbr. leyfisbréf, dags. 14. janúar 2009.

Varðandi útgefið leyfi Concert-KEF ehf. frá 31. mars 2010 til að útvarpa frá Bláfjöllum á 100,5 MHz tiltók stofnunin að um tímabundna heimild væri að ræða til 1. ágúst 2010, sem miðaðist eingöngu við að skíðasvæðið væri ekki opið á þeim tíma. Engin mismunun hafi því átt sér stað á milli Lýðvarpsins og Concert-KEF ehf.

Þá tiltók stofnunin að ef Lýðræðishreyfingin óskaði eftir tíðni til útvarpssendinga þá myndi PFS skoða hvaða tíðnir væru lausar miðað við hvaða staðsetningu hreyfingin ætlaði að nota fyrir sendinn. FM tíðnir væru lausar til úthlutunar þó að 100,5 MHz væri ekki laus til

úthlutunar í dag. Þá sé staðsetning í Bláfjöllum (Kóngsgil) aðeins tímabundin og ráðlagði PFS Lýðræðishreyfingunni að skoða aðra staðsetningu, þar sem tilraunir með FM útsendingar nær aðstöðu Flugmálastjórnar hafi valdið truflunum á Flugfjarskiptum verða FM útsendingar ekki leyfðar þar.

Í niðurlagi tölvupósts stofnunarinnar er farið yfir þær reglur sem gilda varðandi úthlutun útvarpsleyfis hjá útvarpsréttarnefnd og tíðniheimildar frá PFS.

Taldi stofnunin að það væri á ábyrgð þess sem sækir um útvarpsleyfi til útvarpsréttarnefndar að sækja einnig um tíðniheimild til PFS sem stofnunin úthlutaði þegar útvarpsleyfi lægi fyrir. Benti stofnunin á að Lýðræðishreyfingin hafi sótt um og fengið úthlutað útvarpsleyfi þann 16. janúar 2009 sem gildi fyrir útsendingar til höfuðborgarsvæðisins með gildistíma í eitt ár, þ.e. til 15. janúar 2010. Einnig hafi verið sótt um tíðnileyfi til PFS sem veitt var í samræmi við útgefið útvarpsleyfi.

Nokkur seinna hafi Lýðræðishreyfingin sótt um nýtt leyfi hjá Útvarpsréttarnefnd og fengið úthlutað nýju útvarpsleyfi þann 17. febrúar 2009, sem náði til útsendinga um allt land og gildi til þriggja ára, þ.e. til 15. janúar 2012. Hins vegar láðist Lýðræðishreyfingunni að sækja um tíðnileyfi til PFS sem tæki mið af hinu nýja útvarpsleyfi. Þar með hafi verið ljóst að tíðnileyfi Lýðræðishreyfingarinnar hafi runnið út þann 15. janúar 2010 og því ekkert því til fyrirstöðu að PFS úthlutaði tíðninni 100,5 MHz til Concert-KEF.

Taldi stofnunin því að svo stöddu ekki forsendur til þess að fallast á skilning Lýðræðishreyfingarinnar að tíðnin væri í umráðum hreyfingarinnar. Var hreyfingunni gefinn kostur á því að gera athugasemdir við þessa afstöðu PFS og þess óskað að þær bærust fyrir 27. apríl 2010.

4.

Kröfugerð Lýðræðishreyfingarinnar

Í framhaldi af tölvupósti Póst- og fjarskiptastofnunar, sem gerð er grein fyrir í kafla 3 og fundi sem haldinn var þann 16. apríl 2010 með fulltrúum Lýðræðishreyfingarinnar barst stofnuninni bréf, frá lögmanni hennar, dags. 19. apríl 2010, þar sem gerð er nánari grein fyrir sjónarmiðum og kröfum Lýðræðishreyfingarinnar.

Í bréfinu er málavöxtum lýst með eftirfarandi hætti:

Hinn 8. desember 2008 sótti Lýðræðishreyfingin um útvarpsleyfi til Útvarpsréttarnefndar og um tíðni til Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS). Sótt var um til eins árs. Hinn 14. janúar 2009 úthlutaði PFS henni tíðninni 100,5 MHz „með fyrirvara um útvarpsleyfi frá Útvarpsréttarnefnd og mun gildistími heimildarinnar miðast við gildistíma útvarpsleyfis...“ Hinn 16. janúar 2009 sendi Útvarpsréttarnefnd umbjóðanda mínum leyfisbréf samkvæmt umsókninni til eins árs, frá 16. janúar 2009 til 15. janúar 2010. Lýðræðishreyfingunni hafi hins vegar fundist að útsendingarsvæði hafi ekki verið réttilega skilgreint í leyfisbréfinu og þar sem fjárfesting hafi verið orðin meiri en upphaflega hefði verið talið hafi verið óskað eftir

lengra leyfi. Útvarpsréttarnefnd hafi því sent annað leyfisbréf 17. febrúar 2009, þar sem gildistími hafi verið tilgreindur þrjú ár, „frá 16. janúar 2009 til 15. janúar 2012“. Bendir Lýðræðishreyfinginn á að útgáfudagurinn sé sá sami og var á hinu fyrra leyfisbréfi, og að sá dagur hafi verið liðinn fyrir um mánuði þegar hið nýja leyfisbréf var gefið út. Auk þess hafi útsendingar ekki verið hafnar á þeim degi. Er greitt var fyrir leyfið til 15. janúar 2012 hafi verið dregið frá gjaldinu sú fjárhæð sem þegar hafði verið greidd í tilefni af umsókn um útvarpsleyfi til eins árs. Var því augljóslega ekki um nýtt leyfi að ræða, heldur eitt og sama leyfi. Leyfisbréfið sem dagsett var 16. febrúar 2009 var aldrei undirritað til staðfestingar á skilyrðum þess, en slík undirritun var að skilningi Lýðræðishreyfingarinnar forsenda þess að leyfið öðlaðist gildi. Upphaflega var gert ráð fyrir að leyfið gildi í eitt ár, en sá gildistími var endurskoðaður og ákveðið hinn 17. febrúar 2009 að það skyldi gilda til 15. janúar 2012. Lýsing þessi á atvikum að leyfisveitingunni var staðfest í bréfi Útvarpsréttarnefndar til Lýðvarpsins-Lýðræðishreyfingarinnar dagsettu 14. apríl s.l.

Það, að PFS hafi síðan úthlutað tíðnisviðinu 100.5 MHz til annars aðila til sendinga á sama svæði bendir til þess að tilkynning um gildistíma leyfisins hafi annað hvort ekki verið send, ranglega hafi verið talið að hún hafi komist til skila, eða hún hafi með einhverjum hætti týnst innan veggja PFS.

Krafa Lýðvarpsins er sú að Póst- og fjarskiptastofnun tryggði án tafar að aðrir sendi ekki út á tíðni Lýðvarpsins, 100,5 Mhz, en Lýðvarpið sjálft.

5.

Umsögn Concert -KEF

Eins og fram hefur komið heimilaði Póst- og fjarskiptastofnun Concert-KEK notkun tíðninnar 100,5 MHz fyrir hljóðvarpssendi staðsettum í Bláfjöllum (lyftuhús), fyrir dagskrá sína „Kanann“ og var heimildin **tímabundin til 01.08.2010**. Hámarks sendiafl er 1 kW og útgeislað afl 2 kW, að öðru leyti var úthlutunin með sömu skilyrðum og fram koma í úthlutun til Lýðvarpsins.

Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 21. apríl 2010 var krafa Lýðræðishreyfingarinnar send Concert-KEF sem núverandi réttihafa tíðninnar til umsagnar. Concert svaraði með tölvupósti, dags. 28. apríl 2010, þar segir:

„Þá er það skýrt hvað Útvarp Ísland varðar, rekstaraðila Kanans, að við fengum þessa tíðni úthlutaða af Póst- og fjarskiptastofnun samkvæmt bréfi dags. 31. mars 2010. Félagið hefur kostað miklu til að koma þessum útsendingum á og í því hefur verið farið í einu og öllu eftir þeim tilmælum sem þar koma fram hvað varðar sendi afl og staðsetningu.

Nú þegar hefur Útvarp Ísland eigandi Kanans eitt milljónum króna í að kynna þessa nýju tíðni. Kaninn hefur síðan í haust verið að vinna að viðundandi dreifingu á suðvestur horninu fyrir sína útvarpsstarfsemi.

Með leyfisveitingu á FM 100,5 er hún loks viðundandi að mati eiganda Útvarp Íslands. Starfsemi sem skapar tugi starfa og til hennar hefur miklu verið kostað af eigendum.

Öll röskun á þessu stefnir þessum rekstri í meiriháttar uppnám.“

6.

Bréf Útvarpsréttarnefndar, dags. 14. apríl 2010

Í gögnum málsins er einnig bréf Útvarpsréttarnefndar, dags. 14. apríl 2010, þar sem gerð er grein fyrir hvernig afgreiðslu á umsókn Lýðræðishreyfingarinnar var háttað, þar segir:

„Í byrjun desember 2008 barst útvarpsréttarnefnd umsókn frá Lýðræðishreyfingunni þar sem sótt var um leyfi til hljóðvarps til eins árs og skyldi hljóðvarpið ná um Suðurlandið. Að fengnum umsögnum frá Póst- og fjarskiptastofnun og STEF var leyfið samþykkt og Lýðræðishreyfingunni tilkynnt með tölvubréfi 8. desember 2008 um þá afgreiðslu. Einnig var tekið fram að leyfið yrði gefið út þegar leyfisgjald hefði verið innt af hendi. Eftir að sú greiðsla barst 15. janúar 2009 var leyfi gefið út og sent Lýðræðishreyfingunni. Gildistími Leyfisins var frá 16. janúar til 15. janúar 2010.

Hinn 9. febrúar 2009 barst nefndinni tölvupóstur frá Ástþóri Magnússyni, fyrirsvarsmanni Lýðræðishreyfingarinnar, þar sem hann óskaði eftir að leyfið yrði til þriggja ára og það tæki til landsins alls. Að höfðu samráði við Póst- og fjarskiptastofnun um breytingu á útsendingarsvæði var fallist á þessa beiðni og nýtt leyfi gefið út til þriggja ára eftir að innt hafði verið af hendi viðbótargreiðsla vegna hærra gjalds fyrir lengra leyfi.

Hjá Útvarpsnefnd er föst vinnuregla að senda Póst- og fjarskiptastofnun afrit af öllum útvarpsleyfum rakleitt eftir að þau hafa verið gefin út. Nefndin telur að endurúttekið leyfi til Lýðræðishreyfingarinnar hafi verið sent stofnuninni, en getur þó ekki útilokað að það hafi farist fyrir. Einnig er hugsanlegt að afritið hafi ekki borist stofnuninni en venja er að senda slík erindi með símbréfi. Hvað sem þessu líður skal á það bent að Lýðræðishreyfingin hafði aðeins fengið tíðninni úthlutað til eins árs með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar 14. janúar 2009. Sú afgreiðsla byggði augljóslega á fyrra leyfi og var því ástæða til að kanna hvort úthlutun hefði verið breytt til samræmis við endurúttekið leyfi.“

III.

Niðurstaða

1.

Almennt

Ágreiningsmál þetta er tekið til ákvörðunar að kröfu Lýðræðishreyfingarinnar, sbr. bréf, dags. 19. apríl 2010 frá lögmanni hreyfingarinnar.

Krafa Lýðræðishreyfingarinnar er að Póst- og fjarskiptastofnun tryggi án tafar að aðrir sendi ekki út á tíðni „Lýðvarpsins“, 100,5 MHz, en Lýðvarpið sjálft. Þá er og þess krafist að úthlutun tíðninnar til Concert- KEF verði afturkölluð.

2.

Um val á útsendingarstað, verklag við úthlutun tíðna

Almennt bera tíðniréttarhafar ábyrgð á því að finna sendistað fyrir útsendingarbúnað og að semja við eiganda aðstöðu um aðganginn. Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekki haft aðkomu af samningum um þessi atriði. Stofnuninni hefur aftur á móti verið tilkynnt um væntanlegan útsendingarstað, enda er vitneskja um útsendingarstað forsenda þess að hægt sé að kanna hvaða FM tíðnir séu lausar sem henta til útsendingar á hverjum stað m.a. með tilliti til

truflunarhættu. Af gögnum málsins má skilja að hreyfingin hafi af einhverjum ástæðum verið að bíða eftir fyrirmælum frá PFS um staðsetningu búnaðar og af þeim sökum hafi útsending stöðvarinnar ekki verið með þeim hætti sem hreyfingin óskaði sér, sbr. neðangreint ummæli:

„Mér finnst það undarlegt að ekki sé hægt að klára þetta mál með okkur svo við getum haldið úti rekstri á okkar stöð, en á sama tíma og við bíðum niðurstöðu um staðsetningu á okkar búnaði þá heimilið þið öðrum aðila að hefja útsendingu á okkar tíðni og á nákvæmlega sama stað og þið hafið fyrirskipað okkur að fara af...“

„...Við höfum farið að fyrirmælum ykkar og reynt að finna nýjan stað fyrir útsendingarmastur og annan búnað, ásamt því að hafa útsendingu í skötulíki á meðan niðurstöðu er beðið. En í ljósi þess að þið hafið leyft annarri útvarpstöð að gera nákvæmlega það sama og þið vilduð að við gerðum ekki, að senda út á þessum stað í Bláfjöllum, þá vildi ég spyrja hvort fyrirmæli ykkar frá síðasta ári um að við færum okkur, séu fallin úr gildi? Getum við sem sagt haldið áfram að senda út frá þessum stað ef við kjósum það?“

Lýðræðishreyfingin samdi við umsjónarmann skíðasvæðisins um aðstöðu fyrir sendi félagsins í lyftuhúsi í Bláfjöllum án aðkomu PFS.

Eftir að Lýðvarpið fór í loftið fór að bera á truflunum sem raktar voru til útsendinga stöðvarinnar, sem fólust í því að móttaka FM sendinga annarra útvarpsstöðva á svæðinu varð fyrir truflun. Einnig kom í ljós að útgeislað afl var of mikið með tilliti til nálægðar við skíðasvæðið, þ.e. þegar fólk er á svæðinu. Var því hreyfingunni gert að minnka sendiafl úr 2kW í 1 kW og var það gert. Hvað varðaði truflanir á móttökuskilyrðum var forsvarsmönnum hreyfingarinnar bent á að til að koma í veg fyrir þær gæti verið nauðsynlegt að færa búnaðinn. En engin niðurstaða fékkst varðandi nýja staðsetningu. Engar takmarkanir voru hins vegar lagðar á starfsemi Lýðvarpsins og útvarpið sendi út einhverja dagskrá á því tímabili sem um er að ræða enda hafði það heimild til að nota tíðnina til 15. janúar 2010 samkvæmt tíðnileyfi.

Hvað varðar endurúthlutun tíðninnar 100,5 MHz til Concert KEF á sama stað þá kannaði fyrirtækið hvort mögulegt væri að setja sendi upp í aðstöðu Mílu, eins og Lýðræðishreyfingunni hafði verið bent á að kanna vegna truflana sem fram höfðu komið á móttökuskilyrðum annarra útvarpsstöðva á svæðinu. Við þær athuganir hafi komið í ljós að útsending úr mastri Mílu leiddi til truflana á flugfjarskiptum og var þeim þá þegar hætt. Óskaði Concert-KEF þá eftir því að færa tilraunir sínar á sama staða og Lýðvarpið hafði áður verið í aðstöðu skíðamanna á svæðinu. Eftir að þeir fengu leyfi frá umsjónarmanni svæðisins gaf PFS út tímabundna heimild til 1. ágúst 2010 til notkunar á umræddri tíðni á þeim stað. Ástæða þess að heimildin var gefinn út til svo skamms tíma var sú að engin starfsemi er í fjallinu á þessum tíma. Lítil hætta er því á að hlustendur hljóðvarps finni fyrir truflunum á móttöku FM útvarps, sem staðfest er að sé fyrir hendi á svæðinu. Þá er almennt séð einnig talið óheppilegt, með tilliti til rafsegulmengunar, að FM sendar sem senda út á svona miklu afli séu staðsettir á svæðum þar sem vænta má mikillar umferðar fólks, eins og á skíðasvæðinu í Bláfjöllum yfir vetrartímann.

Úthlutun útvarpsleyfa og úthlutun tíðniheimilda sem gefin eru út eftir að útvarpsleyfi liggur fyrir eru tvær sjálfstæðar ákvarðanir, sem teknar eru af sitt hvoru stjórnvaldinu. Úthlutun tíðna sem er á forræði PFS er sjálfstæð ákvörðun óháð gildistíma útvarpsleyfis, enda mörg dæmi um það að gerðar séu breytingar á úthlutuðum FM tíðnum til útvarpsstöðva á gildistíma útvarpsleyfis. Þá eru einnig dæmi um það að útvarpsstöðvar fái úthlutað fleiri en einni FM-tíðni til að útvarpa sinni dagskrá. PFS gefur út fjölda heimilda fyrir FM útvarpsendingar á hverju ári og eru þau öll tímabundin. Árið 2009 gaf PFS út yfir 70 FM tíðnileyfi og eru sum tíðnileyfin eingöngu gefin út til nokkra daga. FM tíðnir eru ekki ótakmarkaðar og eru tíðnum endurúthlutað til nýrra aðila eftir að gildistími þeirra rennur út, eins og í tilviki Concert.

Þegar ákvörðun er tekin um gildistíma tíðniheimildar og þá um leið hvaðan heimila eigi að viðkomandi tíðni sé send út koma nokkur atriði til skoðunar. *Í fyrsta lagi* hvaða tíðnir eru lausar til úthlutunar á þeim tíma sem umsókn berst til PFS, en það skilyrði var uppfyllt varðandi 100,5 MHz þegar ákvörðun var tekin um að úthluta Concert-KEF tíðninni. *Í öðru lagi* að viðkomandi tíðni henti til útsendingar á viðkomandi stað og er þá einkum horft til þess að notkun hennar trufla ekki aðrar hljóðvarpsendingar sem og önnur fjarskipti almennt.

Af þessu leiðir að það er ekki sjálfgefið að gildistími úthlutaðrar tíðniheimildar til hljóðvarpsendinga fari í öllum tilvikum eftir gildistíma viðkomandi útvarpsleyfis.

Ofangreindu verklagi er til að mynda gerð skil í umfjöllun Útvarpsréttarnefndar, þar sem fram kemur að það sé í verkahring Póst- og fjarskiptastofnunar en ekki nefndarinnar að úthluta senditíðnum. Enn fremur vekur Útvarpsréttarnefnd athygli á því að það geti verið tilefni fyrir handhafa útvarpsleyfis að gæta að gildistíma tíðniúthlutunar.

3.

Um úthlutun PFS til Lýðræðishreyfingarinnar

Eins og fram kemur í málavaxtalýsingu hér að ofan heimilaði PFS Lýðræðishreyfingunni notkun tíðninnar 100,5 MHz með leyfisbréfi, dags. 14. janúar 2009 með gildistíma til 15. janúar 2010 í samræmi við það útvarpsleyfi sem lá fyrir. Engar upplýsingar bárust til PFS um að útvarpsleyfið hafi verið endurútgefið með nýju leyfisbréfi frá Útvarpsréttarnefnd með leyfi, dags. 17. febrúar 2009 og nú til þriggja ára en ekki til eins árs eins og verið hafði í upphaflega útvarpsleyfinu. Hefur Útvarpsréttarnefnd ekki getað staðfest að hafa sent PFS endurútgefið útvarpsleyfi, en það er alla jafna gert með símbréfi.

Afgreiðsla stofnunarinnar á tíðnileyfi til handa Lýðræðishreyfingunni, dags. 14. janúar 2009, byggði þannig á þeim gögnum sem hreyfingin lagði fram sem og því útvarpsleyfi sem borist hafði frá Útvarpsréttarnefnd, með gildistíma til 15. janúar 2010. Telja verður að það hafi verið á ábyrgð forsvarsmanna Lýðræðishreyfingarinnar að gæta að því að tíðnileyfi hreyfingarinnar yrði breytt til samræmis við hið endurútgefna leyfi frá Útvarpsréttarnefnd.

Samkvæmt framansögðu verður að líta svo á að tíðnileyfi Lýðræðishreyfingarinnar sem útgefið var þann 14. janúar 2009 hafi fallið niður samkvæmt efni sínu þann 15. janúar 2010, um leið lauk formlegum yfirráðum hreyfingarinnar yfir tíðninni. Frá og með þeim degi var

tíðnin laus til úthlutunar í tíðniplani PFS, til annarra aðila og stofnunin þar með í fullum rétti til að endurúthluta henni eins og gert var með leyfisbréfi til Concert –KEF ehf., með leyfisbréfi, dags. 31. mars 2010.

4.

Um framtíðarnotkun Kóngsgils sem útsendingarstaðs fyrir FM tíðnir

Á því svæði (Bláfjallasvæði) sem um er að ræða eiga Flugstoðir tvö fjarskiptahús og hýsir annað þeirra senda og hitt móttakara alþjóðaflugþjónustunnar. Ástæða þess að um aðskilin hús er að ræða er fyrst og fremst til að koma í veg fyrir innbyrðis milliheyrslu og truflanir á þeim tíðnum sem alþjóðaflugþjónustan notar. Bláfjallastöðin er aðalfjarskiptastöð Flugstoða og um hana fer talsamband flugstjórnarmiðstöðvarinnar í Reykjavík við flugvélar sem fljúga yfir Norður-Atlandshafið. Míla er einnig með fjarskiptahús og lofnet á svæðinu sem er í u.þ.b. 5 metra fjarlægð frá húsum Flugstoða. Önnur hús á svæðinu eru flest tengd þeim skíðamannvirkjum sem þar eru og var sendir Lýðvarpsins og seinna sendir Kanans settur upp í lyftuhúsi nýjustu lyftunnar sem staðsett er í u.þ.b. 150 metra fjarlægð frá aðstöðu Mílu og Flugstoða.

Póst- og fjarskiptastofnun hafa borist tölvupóstar frá Flugstöðum, dags. 11. janúar og 18. mars s.l., þar sem fyrirtækið lýsir yfir áhyggjum sínum yfir því að stofnunin leyfi útsendingar á FM tíðnum frá umræddu svæði og hefur í því sambandi bent á að á sínum tíma hafi Flugmálastjórn (nú Flugstoðir) neyðst til að flytja allan sinn búnað frá Skálafelli vegna truflana frá öðrum búnaði. Í tölvupóstinum frá 18. mars kemst starfsmaður Flugstoða svo að orði: „*Fjarskiptamiðstöð okkar í Bláfjöllum er stærsta stöðin af þeim sem Alþjóðaflugþjónustan notar til að stjórna flugi yfir Norður Atlantshafið milli Evrópu og N-Ameríku. Það er alls ekki ásættanlegt að fjarskipti milli flugstjórnar og flugvéla séu trufluð af öðrum sendingum og getur slíkt varðað öryggi í flugi og skapað stórhættu*“

Þann 18. mars s.l. fór fram á vegum Kanans tilraunaútsending á tíðninni 100,5 MHz frá húsi Mílu, með því að send var út svokölluð burðarbylgja. Um leið fóru að berast truflanir inn á tíðnir Flugstoða og var því slökkt á sendinum um leið. Í framhaldi af því var sendinum fyrir komið í lyftuhúsi sem eins og áður sagði er staðsett í u.þ.b. 150 metra fjarlægð frá húsnæði Mílu. Engar truflanir svo vitað sé hafa komið inn á tíðnir Flugstoða frá því að sendirinn var tekinn í gagnið. Allt að einu þykir Póst- og fjarskiptastofnun rétt að upplýsa vegna þeirra deilna sem upp hafa komið vegna afnota af tíðninni 100,5 MHz að stofnunin hyggst ekki vegna hugsanlegrar hættu á truflunum endurnýja þá tímabundnu heimild sem Kaninn fékk til að senda út hljóðvarsdagskrá sína frá umræddum stað og er þá fyrst og fremst horft til þeirrar hættu sem er á milliheyrslu inn á tíðnir Flugmálastjórnar. Telur stofnunin með tilliti til varúðar- og öryggissjónarmiða og nauðsyn þess að flugfjarskipti geti gengið sem greiðlegast og eftir því sem hægt er truflunarlaus að ekki sé réttlætanlegt að vera með útsendingar á FM tíðni svo nærri móttöku- og sendibúnaði fyrir flugfjarskipti. Þá telur stofnunin einnig með

tilliti til rafsegulmengunar sem stafar frá aflmiklum FM sendum að óheppilegt sé að þeir séu staðsettir í þéttbýli eða á svæðum þar sem ætla má að umferð fólks geti orðið töluverð eins og á skíðasvæðinu í Bláfjöllum.

Ákvörðunarorð

Kröfu Lýðvarpsins um að Póst- og fjarskiptastofnun tryggi án tafar að aðrir sendi ekki út á tíðninni 100,5 MHz, en Lýðvarpið, sbr. tíðnileyfi hreyfingarinnar, dags. 14. janúar 2009, sem rann út þann 15. janúar 2010 er hafnað.

Hafnað er þeirri kröfu Lýðræðishreyfingarinnar að Póst- og fjarskiptastofnun afturkalli úthlutun tíðninnar 100,5 MHz til Concert-KEF ehf., sbr. leyfisbréf, dags. 31. mars 2010.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 19. maí 2010

Hrafnkell V. Gíslason

Friðrik Pétursson